

Markmið Velgengnisdaga í MA og bekkjafunda í 1. bekk

Markmið allra Velgengnisdaga í MA tvinnast saman. Ekki er í eitt skipti fyrir öll búið að afgreiða t.d. samskipti og tjáningu eftir fyrstu lotu VD heldur er unnið áfram með þessa þætti í gegnum öll skólaárin. Smátt og smátt bætast fleiri þættir við, á næstu önn forvarnir og lífstíll og svo framvegis.

Hér fyrir neðan má sjá ramma fyrir markmið fyrstu lotu VD

	Þekking Nemandinn skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á;	Leikni Nemandinn skal hafa öðlast leikni í;	Hæfni Nemandinn skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að;
Einkunnarorð MA	- einkunnarorðum MA og átti sig á merkingu þeirra.	- að ræða einkunnarorð skólans og hvaða hlutverki þau gegna í skólabrag MA.	- nota einkunnarorð skólans sem vegvísi í námi sínu í MA.
Tjáning	- því helsta sem til þarf svo talað mál sé skýrt og áheyrilegt og flutningur grípandi.	- að geta undirbúið og flutt mál sitt út frá handriti, minnispunktum eða blaðalaust. - að færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu.	- flytja af nokkru öryggi ræður og kynningar á afmörkuðum málefnum. - tjá tilfinningar sínar og skoðanir og hlustað á aðra gera slíkt hið sama.
Samskipti	- einkennum góðra og slæmra samskipta. - leikreglum bekkjafunda.	- aðferðum sem líklegar eru til að leysa úr ágreiningi og bæta samskipti. - að leggja sitt af mörkum á bekkjafundum. - sýna með orðum og athöfnum virðingu í samskiptum.	- hafa stjórn á tilfinningum sínum í samskiptum. - sýna í verki góða samskiptahæfni. - leggja sitt af mörkum í hópvinnu. - taka virkan þátt í bekkjafundum.
Sjálfsmynd	- helstu hugtökum sem tengjast sjálfsmynd einstaklinga.	- að meta áhuga- og hæfnisvið sín á raunhæfan hátt.	- meta á raunhæfan hátt sínar sterku og veiku hliðar. - setja sér raunhæf markmið.